

Samþykktir Búgreinadeildar skógarbænda BÍ

12.febrúar 2024



Samþykktir Búgreinadeildar skógarbænda Bændasamtaka Íslands.

1. gr. Almennt

Bændasamtök Íslands mynda deild sem heitir Búgreinadeild skógarbænda. Heimili og varnarþing þess er á skrifstofu Bændasamtaka Íslands.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur Búgreinadeildar skógarbænda er að sameina þá sem stunda skógrækt í atvinnuskyni, um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra innan Bændasamtaka Íslands.

3. gr. Félagsaðild

3.1.

Rétt til aðildar að Búgreinadeild skógarbænda hafa einstaklingar og lögaðilar sem stunda skógrækt, t.d. til nytja, landbóta, útivistar, skjólbelta, og fleira, enda séu þeir félagsmenn að Bændasamtökum Íslands.

3.2.

Einungis félagsmenn að skógarbændadeild Bændasamtaka Íslands sem hafa fulla aðild, sbr. liði 3.1, geta gegnt trúnaðarstörfum fyrir Búgreinadeild skógarbænda.

3.3.

Full aðild að Búgreinadeild skógarbænda (sbr. liði 3.1.) fellur niður uppfylli félagsmenn ekki öll skilyrði um félagsaðild, skv. samþykktum Bændasamtaka Íslands.

4. gr. Deildarfundir búgreina

4.1.

Deildarfundir búgreinadeilda innan Bændasamtaka Íslands skal halda árlega í tengslum við búnaðarþing.

4.2.

Fulltrúar á deildarfund er sitjandi stjórn Búgreinadeildar ásamt kosnum fulltrúum sem koma af landinu öllu og endurspeglar sem best landfræðilega dreifingu, þá sömu og skógarbændafélögin byggja á. Stjórn Skógardeildar B.Í. ákveður í upphafi hvers árs hvað margir fulltrúar eiga seturétt á deildarfundum og hve margir af hverju svæði fyrir sig.

Viðmiðunarfjöldi fulltrúa á deildarfundum skal vera 20 manns auk sitjandi stjórnar skógardeildar, sem hefur málfrelsi og atkvæðisrétt. Miða skal við að hafa sem jafnasta skiptingu milli kynja.

Fundir skógarbænda sem eru aðilar að BÍ skulu haldnir á internetinu í upphafi hvers árs, þar sem m.a. eru kosnir fulltrúar á deildarfundum.

4.3.

Deildarfundur sitja, með fullum réttindum, þeir fulltrúar sem kosnir eru skv. 4.2.

Til að teljast fullgildur félagi skal viðkomandi að hafa greitt félagsgjöld til BÍ um síðastliðin áramót skv. grein 3.1.

Félagsmenn skulu greiða veltutengt félagsgjald til Bændasamtaka Íslands, í samræmi við ákvörðun Búnaðarþings hverju sinni.

4.4.

Deildarfundur er opinn til áheyrnar öllum félagsmönnum. Óski fleiri aðilar, en kosnir hafa verið til fundarsetu, eftir að sitja deildarfund með málfrelsi og tillögurétt skal það borið undir fundinn.

4.5.

Staðfest félagatal skógarbændadeildar skal liggja fyrir hjá stjórn Búgreinadeildar og á Bændatorgi eigi síðar en 10. janúar ár hvert. Frá þeim tíma hafa félagsmenn deildarinnar 7 daga til að gera athugasemdir við fulltrúatöluna. Komi upp álitamál skal stjórn Búgreinadeildar skógarbænda úrskurða um málið samkvæmt grein. 4.3. svo fljótt sem kostur er.

Mál sem taka á til afgreiðslu á deildarfundum, skulu hafa borist skrifstofu Búgreinadeildar skógarbænda eigi síðar en 20 dögum fyrir deildarfund. Öll gögn sem leggja á fram, til umfjöllunar eða afgreiðslu skulu birt fulltrúum búgreinaþings eigi síðar en 10 dögum fyrir setningu fundarins. Deildarfundur getur þó ákveðið að taka til afgreiðslu mál sem koma síðar fram.

Tillögur sem liggja fyrir fundinn skulu kynntar stjórnnum landshlutabundnu skógarbændafélaganna eigi síðar en 20 dögum fyrir deildarfund. Nefndarstörf vegna tillagna eru ákveðin hverju sinni.

4.6.

Á dagskrá deildarfundar skal m.a. vera:

- Skýrsla stjórnar.
- Samþykktir Búgreinadeildadeildar skógarbænda BÍ
- Tillögur til umræðu og afgreiðslu.
- Kosning stjórnar skv. grein 7 í samþykktum þessum
- Kosning fulltrúa á Búnaðarþing
- Starfsáætlun til næsta árs.
- Önnur mál.

4.7.

Stjórn deildarinnar, í samráði við framkvæmdastjóra BÍ, boðar til deildarfundar skógarbænda eigi síðar en 10. janúar ár hvert. Deildarfundur skógarbænda er löglegur sé löglega til hans boðað.

5. gr. Aukadeildarfundur

Auka deildarfundur skal halda þyki stjórn Búgreinadeildar skógarbænda sérstök nauðsyn bera til og jafnan þegar a.m.k. ¼ félagsmanna Búgreinadeildar skógarbænda óska þess, enda sé þá fundarefni tilgreint. Auka deildarfundur skal boðað með minnst 7 daga fyrirvara. Um rétt til fundarsetu á auka deildarfundum gilda sömu reglur og á hefðbundnum deildarfundum.

6. gr. Skipan stjórnar

Búgreinadeild skógarbænda skipar fimm manna stjórn: formaður og fjórir meðstjórnendur og fimm varamenn með jafnri dreifingu milli landshluta.

7. gr. Hlutverk stjórnar

Hlutverk stjórnar er að vinna að hagsmunum félagsmanna innan Bændasamtaka Íslands í gegnum Búgreinadeild skógarbænda, annast málefni deildarinnar milli deildarfundum og sjá um að þau málefni séu jafnan í sem bestu horfi.

8. gr. Störf stjórnar Búgreinadeildar

8.1.

Formaður boðar til stjórnarfundum þegar ástæða þykir til og stjórnar þeim. Þó er honum skylt að boðað fund ef tveir stjórnarmenn óska þess, enda sé þá fundarefni tilgreint. Stjórnarfundur er löglegur séu þrjú stjórnarliðar á fundi.

8.2.

Stjórn Búgreinadeildar skógarbænda skal skrá fundargerðir á fundum sínum. Fundargerðir skulu birtar á vefsvæði Búgreinadeildarinnar svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en að loknum næsta stjórnarfundum. Stjórnarmenn skulu staðfesta afrit af fundargerðinni og hún varðveitt með tryggilegum hætti.

9. gr. Samþykktar breytingar

Samþykktum þessum má aðeins breyta á deildarfundum eða auka deildarfundum, sem boðaður er til þess sérstaklega. Ná breytingar því aðeins fram að ganga að meirihluti kjörinna fulltrúa greiði þeim atkvæði.

10. gr. Gildistími samþykka

Ákvæði samþykka þessara gilda frá og með Deildarfundum haldinn á Hilton þann 12. febrúar 2024.